

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982, um söluskatt,
með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð 25% — tuttugu og fimm af hundraði— söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

1. másl. 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú er vara, sem skattskyld er skv. III kafla þessarar reglugerðar flutt inn til eigin nota eða neyslu og skal þá sá sem flytur inn vöruna greiða af henni við tollafgreiðslu 25% söluskatt.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 13. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. og 3. töluliður falli niður.
- b. 6. töluliður orðist svo: Salt, þó ekki í smásöluumbúðum.
- c. 11. töluliður orðist svo: Eldsneyti fyrir loftför sem rekin eru í atvinnuskyni af aðilum sem eru handhafar flugrekstrarleyfa.
- d. 1. mgr. 14. töluliður orðist svo: Sala á fasteignum, skipum og flugvélum.
Undanþágan tekur aðeins til báta sem gerðir eru út í atvinnuskyni og flugvéla sem notaðar eru í flugrekstri.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 14. gr. reglugerðarinnar:

- a. 15. töluliður orðist svo: Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, sundstöðum og skíðalyftum.
- b. 21., 22. og 23. töluliður falli niður.
- c. 24. töluliður orðist svo: Aðgangseyrir að leiksýningum og tónleikum enda séu skemmtanir þessar ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomuhald.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið 6. janúar 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Þorláksson.